

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1962

27. marz.

25

Nr. 12.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

Gjört að Bessastöðum, 27. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

31. marz.

Nr. 13.

L Ö G

um heyrnleysingjaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbriggt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskuldri, hverjum eftir getu og þroska.